

Við undirrituð förum þess á leit við bæjarstjórn Akraness að aðstoð verði veitt við að útvega nýjan samastað í staðinn fyrir það húsnæði sem sum okkar, ásamt öðru lista- og handverksfólki, höfðum í húsnæði Sementsverksmiðjunnar.

Endurgjaldslaust var það húsnæði með öllu. Það var okkur mikils virði og viljum við þakka fyrir það. Áberandi var einnig hve vel *opin hús* og aðrir viðburðir voru sóttir þar þó hægt hefði verið að hugsa sér að aðkoman að húsinu væri betri.

Hluti (t.d. 70 – 100 fm.) af byggingu þeirri sem bæjarstjórnin líklega ræður yfir sem stendur við Akratorg og kennd er við Landsbanka Íslands hugnast okkur á margan hátt best, en að sjálfsögðu kemur ýmislegt annað til greina.

Vitanlega erum við tilbúin að greiða leigu fyrir það húsnæði sem finnast kann. Hægt væri með samningum að tryggja að athygli ferðamanna, sem leita og leitað hafa til bæjarins, yrði vakin á listsköpun þeirri sem eðlilega er talsvert stunduð hér á Akranesi. Auka þarf sýnileika lista- og handíða hverskonar í bænum ef auka á straum ferðamanna hingað.

Við óskum eftir því að bréf þetta verði lagt fram á bæjarstjórnarfundum og fulltrúar okkar munu að sjálfsögðu mæta á þeim fundum og svara spurningum sem upp kunna að koma auk þess að fylgjast með framgangi mála.

Með von um góðar undirtekir.

Virðingarfyllst:

Philippe Ricart

Kt. 241252-7879

Sjöfn Magnúsd.

Kt. 030485-2469

Uppátt - B Guðmundsdóttir

Kt 140659-5099

Steinunn Guðmundsdóttir

Kt 0410532329

Borglindur Jónadóttir

101252-7019

Sigrún Skarphéðinsdóttir

010850-3559

Trinne Rós Þorsteinnsdóttir

280882-4299

Jane Hjördis Blöndal

060489-3279

Þorgerður Sigurðardóttir

020669-3659